

Fjall mánaðarins 2018 Léttfeti og Þrautseigur.

13. janúar verður gengið á Búrfell og í Búrfellsgjá 179 m.

Búrfell er í austur frá Garðabæ, liggur uppi á hrauninum suðaustan við Vífilstaðahlíð. Það er eldgígur, sem talið er að hafi gosið fyrir um það bil 7200 árum og í því gosi rann það hraun sem nú þekur nágrenni Hafnarfjarðar og Garðabæjar. Frá gígnum hefur hraunið runnið eftir mjórri rás til vesturs og heitir þessi hrauntröð Búrfellsgjá. Víða eru fallegir klettaveggir og skútar. Sprungur og misgengi setja svip sinn á landslagið við Búrfell og Heiðmörk.



Upphafsstaður göngunnar er frá bílastæði á Heiðmerkurvegi við endann á Vífilstaðahlíð. Ekinn er Elliðavatnsvegur (410) sem liggur milli Vífilstaðavatns og Hafnarfjarðar. Beygt til austurs nálægt Mariuhellum upp með Vífilstaðahlíð inn á Heiðmerkurveg (408). Ekið er upp eftir veginum 3.6 km. Þar til komið er að vinstri beygju en þar er lítið bílastæði. Við leggjum þar og á Heiðmerkurvegi í einni röð þegar bílastæði er orðið fullt.

Gangan hefst þar kl. 10.30. Aksturstími úr Reykjavík er um 30 mín.

Gangan fram og til baka er 7 km og hækkun er 100 m.

Við göngum fyrst í norðurenda Búrfellsgjár fram hjá Gjárétt og áfram að gígnum Búrfelli.

Göngum hringinn á gígbörmum ef fært er og skoðum þetta merkilega eldvarp.

Gera má gera ráð fyrir að hópurinn verði aftur við bíla milli um kl. 14.00.

Klæðnað og útbúnað þarf að miða við veður og aðstæður. Munið eftir hálkubroddum.

Örvar Aðalsteinsson	8993109	Ævar Aðalsteinsson	6965531
Ólafía Aðalsteinsdóttir	8622863	Einar Ragnar Sigurðsson	8998803
Pétur Ásbjörnsson	8987960	Sigrún Hallgrímsdóttir	6617746
Höskuldur Björnsson	8934870	Sigrún Konráðsdóttir	8919056